

FUNDARGERÐ FRÆDSLUMÁLA- OG ÆSKULÝÐSRÁÐS

Fundur í fræðslumála- og æskulýðsráði 26. janúar 2010, kl. 18.00 í Ráðhúsi Bolungarvíkur.

Fundinn sátu: Anna S. Jörundsdóttir, Elín Jónsdóttir, Fjóla Bjarnadóttir, Soffía Hauksdóttir og Viggó Bjarnason.

DAGSKRÁ

1. Íþróttamaður ársins í Bolungarvík.

Fræðslumála- og æskulýðsráð leggur til að skipuð verði 3ja manna nefnd til að leggja fyrir ráðið tilnefningar til íþróttamanns ársins. Nefndin skal skipuð fagaðilum er tengjast íþróttastarfsemi, hún skal afla upplýsinga og tilnefninga ásamt því að meta árangur. Nefndin skal skila tillögu til ráðsins að tilnefningu íþróttamanns ársins ásamt rökstuðningi. Formanni falið að skipa nefndina í samráði við nefndarmenn í fræðslumála- og æskulýðsráði.

2. Skýrsla um skoðun á sameiningu allra skólanna í Bolungarvík.

Lögð til kynningar.

Fundi slitið kl. 19.05 og annar fundur ákveðinn n.k. mánudag kl. 16.00, þar sem forstöðumenn skólanna verða boðaðir til fundar.

Fundargerð ritaði Soffía Hauksdóttir.

Soffía Hauksdóttir

Fjóla Bjarnadóttir

Elín Jónsdóttir

Viggó Bjarnason

Anna S. Jörundsdóttir